


FLUGTÖLUR

Ísland 2002


Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

FLUGFLOTI



Í árslok 2002 voru 369 loftför skráð á Íslandi á móti 360 árið áður og er það 2,5% aukning. Þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) fjölgaði um 7, léttum flugvélum (undir 5.700 kg) um 1 og svifflugum um 1. Þyrulífjöldi var óbreyttur. Síðastliðinn áratug hefur þungum loftförum fjölgað mest eða um 14,0% að meðaltali á ári en um 10,5% á ári undanfarin fimm ár.


SKÍRTEINI EINSTAKLINGA*



Gild skírteini einstaklinga í árslok voru 2.193 en það er um 6,3% aukning frá árinu áður. Fjölmenntu hópar skírteinihafar í lok ársins voru: atvinnuflugmenn 666, einkaflugmenn 612, flugvéltæknar 317, flugnemar 147, flugumferðarstjórar 100, flugumsjónarmenn 50, svifflugmenn 45 og flugvélstjórar 25. Á árinu fjölgaði flugnumum um 22,5%, flugumsjónarmönnum um 13,6%, svifflugmönnum um 12,5%, flugvéltæknum um 6,7%, atvinnuflugmönnum um 2,9% og einkaflugmönnum um 2,5%. Hins vegar fækkaði flugvélstjórum um 34,2% og flugumferðarstjórum um 1,0%. Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3,8%, að meðaltali á ári. Meðaltalsfjöldun undanfarin fimm ár var einnig 3,8% á ári.


* Blindflugs- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.

ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 2002 fóru 79.460 flugvélar um íslenska flugstjórnarsvæðið en það er 9,0% minna en árið áður, en þá voru vélarnar 87.337. Umferðin á árinu skiptist þannig: atvinnuflug var 87%, herflug 6% og til almannaflugs taldist 7%. Síðastliðinn áratug hefur úthafsflugumferð aukist um 2,6% að meðaltali á ári, en 2,0% á ári sl. fimm ár.

FARÞEGAR INNANLANDS




Farþegar í innanlandsflugi voru 335.935 sem er 4,7% samdráttur frá árinu áður, en þá voru þeir 352.511. Farþegum fækkaði á öllum stærstu flugvöllum landsins nema á Egilsstöðum þar sem þeim fjölgaði um 2,2% og á Bakka, þar sem farþegum fjölgaði um 31,5%. Farþegum fækkaði mest á Höfnafirði eða um 14%, um 13,6% í Vestmannaeyjum, 11,3% á Sauðárkróki, 6,9% í Reykjavík, 3,5% á Ísafirði, 3,1% á Akureyri og 5,4% á öðrum flugvöllum landsins. Síðastliðinn áratug hefur farþegum í innanlandsflugi fækkað að meðaltali um 0,2% á ári og um 3,5% á ári síðastliðin fimm ár.

FARÞEGAR OG FARÞEGA-KÍLÓMETRAR




Borgandi farþegar í skráðum ísl. loftförum um allan heim voru 4,3 millj. árið 2000. Þeim fækkaði um 10,1% árið 2001 í 3,8 millj. farþega og fjölgaði síðan aftur í rúmar 4 millj. farþega árið 2002 eða 4,1%. Fjöldi greiddra farþega-kílómetra er fjöldi borgandi farþega á hverri flugleið margfaldaður með lengd flugleiðarinnar. Áætluð tala fyrir árið 2000 er um 10 milljarðar km. Þeim fjölgaði árið 2001 í 10,8 milljarða eða um 8,2% en fækkaði árið 2002 í 10,3 milljarða eða um 4,6%. Tölur eru úr skýrslum íslenskra flugrekstraradila „Skýrsla um flug með hreyfíknunum loftförum“.

FARÞEGAR MILLI LANDA




Millilandafarþegar voru 1.246.148 sem er 10,2% fækkun miðað við árið áður. Mestur hluti þeirra fór um Keflavík eða 85,7%. Millilandafarþegum fjölgaði lítillitla á Egilsstöðum og Akureyri en fækkaði um 10,4% í Keflavík og um 7,2% í Reykjavík. Síðastliðinn áratug hefur millilandafarþegum fjölgað um 5,4% að meðaltali á ári, en 2,6% á ári síðastliðin fimm ár.

VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Árið 2002 voru flutt 1.389 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi, sem er aukning um 6% eða 78 tonn miðað við árið áður. Á árinu voru flutt 1.283 tonn af vörum sem er 4% eða 49 tonnum meira en árið áður. Alls voru flutt 106 tonn af pósti sem er aukning um 37,8% eða sem nemur 29 tonnum. Flutningur á vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 7,3% á ári sl. áratug og um 0,8% á ári sl. fimm ár.

VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA



Vöru- og póstflutningar í millilandaflogi um íslenska áætlanarflugvelli jukust um 2% árið 2002 og námu samtals 44.000 tonnum. Það er um 850 tonnum meira en árið áður. Á árinu voru flutt 42.082 tonn af vörum og 1.919 tonn af pósti. Vöruflutningar jukust um 1,7% eða tæplega 700 tonn og póstflutningar um 8,7% eða rúmlega 150 tonn. Síðastliðinn áratug hefur heildarmagn af vörum og pósti í millilandaflogi aukist um 12,5% að meðaltali á ári og um 10,9% að meðaltali á ári sl. fimm ár.

FLUGHREYFINGAR**



Flughreyfingar (flugtök og landingar) voru 174.250, þar af 150.891 í innanlandsflugi og 23.359 í millilandaflogi. Samdráttur var 13,2% miðað við árið áður. Í innanlandsflugi fækkaði flughreyfingum í áætlanar- og leiguflogi um 1,8% en þær voru 47.256, snertilendingar (æfingalendingar) voru 69.232 sem er 19,1% samdráttur og aðrar hreyfingar voru 34.403 eða 16,7% færri en árið áður. Í millilandaflogi fækkaði hreyfingum í áætlanar- og leiguflogi um 21,6% en hreyfingum í öðru flugi fjölgaði um 28,7%.

** Snertilending telst sem tvær hreyfingar. Herflug er innifalið.

FLUGTÖLUR

Ísland 2002

Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð

ÍSLENSK LOFTFÖR Á SKRÁ 1993-2002

Ár	Bungar flugvélar	Léttar flugvélar	Svifflugur	Þyrlur	Samtals	Breyting frá fyrra ári
1993	24	264	26	5	319	0,0%
1994	22	257	29	5	313	-1,9%
1995	30	259	29	6	324	3,5%
1996	35	259	31	5	330	1,9%
1997	41	255	31	5	332	0,6%
1998	45	254	32	5	336	1,2%
1999	46	259	33	5	343	2,1%
2000	50	260	33	5	348	1,5%
2001	60	263	32	5	360	3,4%
2002	67	264	33	5	369	2,5%

SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 1993-2002*

Ár	Útgefin	Endurnýjuð	Fjöldi skírteina	Breyting frá fyrra ári
1993	227	137	1.685	9,2%
1994	221	115	1.600	-5,0%
1995	228	234	1.634	2,1%
1996	324	349	1.738	6,4%
1997	416	382	1.843	6,0%
1998	702	174	2.102	14,1%
1999	594	154	2.208	5,0%
2000	461	238	2.054	-7,0%
2001	426	329	2.064	0,5%
2002	561	365	2.193	6,3%

* Blíndflug- og kennaraáritanir eru ekki taldar með skírteinum.

SKÍRTEINI EINSTAKLINGA 2002

Tegund skírteinis	Útgefin	Endurnýjuð	Í gildi	Breyting 02/01	Hlutdeild
Atvinnuflugmenn / flugvél	52	57	356	6,0%	16,2%
Atvinnuflugmenn / þyrla	3	2	13	18,2%	0,6%
Atvinnuflugmenn í fl./flugvél	22	56	291	-0,7%	13,3%
Atvinnuflugmenn í fl./þyrla	0	2	6	-14,3%	0,3%
Einkaflugmenn / flugvél	57	105	605	2,5%	27,6%
Einkaflugmenn / þyrla	2	3	7	0,0%	0,3%
Flugnemar	57	0	147	22,5%	6,7%
Flugumferðarstjórar	6	28	100	-1,0%	4,6%
Flugumsjónarmenn	10	7	50	13,6%	2,3%
Flugvélstjórar	1	15	25	-34,2%	1,1%
Flugvéltæknar	8	85	317	6,7%	14,5%
Flugvéltæknar JAR-66	108	Er inni í heildartölu flugvéltækna - aðgreining hófst á árinu 2002			
Fullgildingar	231	0	231	28,3%	10,5%
Svifflugmenn	4	5	45	12,5%	2,1%
Alls	561	365	2.193	6,3%	100,0%

UMFERÐ UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVEIÐ 1993-2002

Ár	Til frá Íslandi	Yfirflug	Fjöldi ferða	Breyting
1993	18.142	46.813	64.955	2,9%
1994	18.706	49.973	68.679	5,7%
1995	20.940	45.352	66.292	-3,5%
1996	22.382	49.249	71.631	8,1%
1997	23.162	50.193	73.355	2,4%
1998	25.282	58.013	83.295	13,6%
1999	26.028	58.977	85.005	2,1%
2000	26.910	65.775	92.685	9,0%
2001	25.378	61.959	87.337	-5,8%
2002	22.606	56.854	79.460	-9,0%

SKIPTING UMFERÐAR UM ÍSLENSKA ÚTHAFSFLUGSTJÓRNARSVEIÐ 1993-2002

Ár	Atvinnuflug	Almannaflug	Herflug	Samtals	Hlutfall atvinnufl.	Hlutfall almannafl.	Hlutfall herflugs
1993**	57.769	-	7.186	64.955	88,9%	-	11,1%
1994	57.160	5.086	6.433	68.679	83,2%	7,4%	9,4%
1995	54.338	5.130	6.824	66.292	82,0%	7,7%	10,3%
1996	58.824	5.191	7.616	71.631	82,1%	7,2%	10,6%
1997	61.343	5.671	6.341	73.355	83,6%	7,7%	8,6%
1998	70.913	5.787	6.595	83.295	85,1%	6,9%	7,9%
1999	73.475	5.282	6.248	85.005	86,4%	6,2%	7,4%
2000	81.666	5.703	5.316	92.685	88,1%	6,2%	5,7%
2001	76.538	5.528	5.271	87.337	87,6%	6,3%	6,0%
2002	69.013	5.609	4.838	79.460	86,9%	7,1%	6,1%

** Atvinnu- og almannaflug ekki sundurliðað.

INNANLANDSFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2002***

Flugvöllur	Farþega fjöldi	Breyting 02/01	Hlutdeild
Reykjavík	304.606	-6,9%	45,3%
Akureyri	155.164	-3,1%	23,1%
Egilsstaðir	62.267	2,2%	9,3%
Vestmannaeyjar	49.347	-13,6%	7,3%
Ísafjörður	38.870	-3,5%	5,8%
Bakki	25.280	31,5%	3,8%
Hornaþjórður	10.681	-14,0%	1,6%
Sauðárkrúkur	9.538	-11,3%	1,4%
Aðrir flugvellir	16.117	-5,4%	2,4%
Alls	671.870	-4,7%	100,0%

*** Heildarfjöldi farþega sem um flugvöllinn fara, þ.e. bæði komu- og brottfararfarþegar.

MILLILANDAFARÞEGAR UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2002

Flugvöllur	Brottfarar-/komuarp.	Áningar-/skiptifarþegar	Samtals	Breyting 02/01	Hlutdeild
Keflavík	979.029	240.376	1.219.405	-10,4%	97,9%
Reykjavík	23.401	0	23.401	-7,2%	1,9%
Akureyri	1.898	0	1.898	63,5%	0,2%
Egilsstaðir	1.403	0	1.403	415,8%	0,1%
Aðrir flugvellir	41	0	41	100,0%	0,0%
Alls	1.005.772	240.376	1.246.148	-10,2%	100,0%

VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR INNANLANDS UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2002****

Flugvöllur	Vöru/Tonn	Póstur/Tonn	Samtals/Tonn	Breyting 02/01	Hlutdeild
Reykjavík	1.213,5	99,0	1.312,5	18,6%	47,2%
Akureyri	561,6	6,8	568,4	-10,5%	20,5%
Egilsstaðir	198,7	0,0	198,7	6,6%	7,2%
Ísafjörður	153,0	0,0	153,0	-1,1%	5,5%
Vestmannaeyjar	132,7	23,2	155,9	0,1%	5,6%
Bildudalur	56,7	70,7	127,4	-6,5%	4,6%
Vopnafjörður	89,4	6,9	96,3	-3,2%	3,5%
Hornaþjórður	57,5	0,0	57,5	7,6%	2,1%
Aðrir flugvellir	102,9	5,7	108,7	15,1%	3,9%
Alls	2.566,1	212,3	2.778,4	6,0%	100,0%

**** Heildarflutningar um hvern flugvöll.

VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR MILLI LANDA UM ÍSLENSKA ÁÆTLUNARFLUGVELLI 2002

Flugvöllur	Vöru/Tonn	Póstur/Tonn	Samtals/Tonn	Breyting 02/01	Hlutdeild
Keflavík	41.851,0	1.898,0	43.749,0	1,8%	99,4%
Reykjavík	185,1	21,1	206,2	6,4%	0,5%
Akureyri	45,3	0	45,3	0	0,1%
Alls	42.081,5	1.919,1	44.000,6	2,0%	100,0%

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2002

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflug	Annað flug	Snertilendingar	Samtals	Breyting 02/01	Hlutdeild
Reykjavík	13.420	21.232	24.474	59.126	-26,1%	39,2%
Keflavík	117	5.043	37.570	42.730	-4,4%	28,3%
Akureyri	5.508	3.038	6.178	14.724	-16,1%	9,8%
Vestmannaeyjar	11.163	1.808	322	13.293	8,9%	8,8%
Bakki	8.730	488	180	9.398	-13,7%	6,2%
Egilsstaðir	2.039	608	214	2.861	-15,6%	1,9%
Ísafjörður	1.374	632	76	2.082	-5,3%	1,4%
Hornaþjórður	1.046	364	102	1.512	-71,8%	1,0%
Sauðárkrúkur	943	326	92	1.361	-13,6%	0,9%
Aðrir flugvellir	2.916	864	24	3.804	-63,2%	2,5%
Alls	47.256	34.403	69.232	150.891	-13,7%	100,0%

FLUGHREYFINGAR MILLI LANDA Á ÍSLENSKUM ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM 2002

Flugvöllur	Áætlunar-/leiguflug	Annað flug	Samtals	Breyting 02/01	Hlutdeild
Keflavík	14.276	5.752	20.028	-10,6%	85,7%
Reykjavík	1.082	2.042	3.124	-6,4%	13,4%
Akureyri	118	0	118	-5,6%	0,5%
Egilsstaðir	49	0	49	69,0%	0,2%
Aðrir flugvellir	40	0	40	0,0%	0,2%
Alls	15.565	7.794	23.359	-9,8%	100%

**** Herflug er innifalið